

## **Siðareglur**

Reglur þessar gilda fyrir stjórn og starfsmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga og stjórnir Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Siðareglur þessar eru settar til að styrkja og styðja við fagmennsku stjórnna sjóðanna og starfsmanna og taka mið af leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands, Nasdag OMX Iceland hf. og Samtaka atvinnulífsins um stjórnarhætti fyrirtækja.

Stjórnir sjóðanna og starfsmenn standa vörð um lífeyrisréttindi sjóðfélaga. Í störfum sínum leggja stjórnir sjóðanna og starfsmenn áherslu á heiðarleika, fagmennsku og heilbrigðra skynsemi. Sjóðfélagar, sveitarfélög, samtök launafólks og bakábyrgðaraðilar geta treyst því að allar ákvarðanir og undirbúningur þeirra hafi verið eins vandaður og frekast er unnt.

Stjórnir sjóðanna og starfsmenn misnota ekki vald sitt og starfsheimildir og leggja áherslu á jafnræði.

Stjórnir sjóðanna og starfsmenn gæta þess ávallt utan vinnutíma að aðhafast ekkert það sem gæti vakið efa um hæfni þeirra til að sinna störfum fyrir sjóðina eða skaðað ímynd þeirra.

Stjórnnum sjóðanna og starfsmönnum er óheimilt að taka þátt í afgreiðslu mála ef ætla má að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa vegna vensla eða annarra tengsla. Skylt er að vekja athygli á slíkum aðstæðum séu þær til staðar.

Stjórnir sjóðanna og starfsmenn gæta trúnaðar og nota persónuupplýsingar einungis í málefnalegum tilgangi. Ákvæði um þagmælsku eru áfram í gildi þótt viðkomandi láti af störfum fyrir sjóðinn.

Stjórnnum og starfsmönnum er óheimilt að þiggja gjafir, boð eða önnur fríðindi af þjónustuaðilum lífeyrissjóðsins. Undanþegnar eru jólagjafir og aðrar tækifærisgjafir sem eru að fjárhagslegu verðmæti innan marka sem teljast algeng í slíkum tilvikum eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl sem ekki verða rakin til viðskipta við lífeyrissjóðinn. Boð á menningar- eða íþróttaviðburði á starfssvæði sjóðsins, enda sé gætt hófs í umgjörð og viðurgjörningi eru einnig undanþegnar. Heimilt er að þiggja viðeigandi viðurgjörning í tengslum við samskipti við þjónustuaðila. Halda skal skrá um allar gjafir og boð. Sé starfsmaður í vafa um hvort honum sé heimilt að þiggja gjöf eða boð skal hann leita álits framkvæmdastjóra.

Stjórnir sjóðanna og starfsmenn sem koma að fjárfestingum sjóðanna þurfa starfa sinna vegna oft að sækja kynningar- og fræðslufundi um fjárfestingar sem skipulagðir eru af þjónustuaðilum. Það sama gildir um aðra fundi, ráðstefnur eða samkomur sem hafa augljósa tengingu við hagsmuni og starfsemi sjóðsins. Efni fundanna skal stutt gögnum sem ber að halda til haga í a.m.k. eitt ár. Kalli þátttaka í slíkum fundum á ferðalög skal meginreglan sú að LSS standi straum af upphaldi og ferðakostnaði. Ef ferðakostnaður og/eða upphald er greitt af öðrum skal halda skrá yfir það.

Stjórnnum sjóðanna og starfsmönnum er óheimilt að þiggja boðsferðir starfa sinna vegna sem ekki tengjast með augljósum hætti hagsmunum og starfsemi sjóðanna.

Reglur þessar eru hluti af ráðningasamningi starfsmanna og brot á þeim geta varðað áminningu og uppsögn. Brot stjórnarmanna geta leitt til tillögu um brottvikningu úr stjórn sjóðs. Það er hlutverk stjórnna og framkvæmdastjóra að leysa úr álitamálum sem upp kunna að koma varðandi reglur þessar. Ef hugsanlegt brot á reglunum varðar stjórnarmenn sjóðanna eða framkvæmdastjóra skal ytri aðili úrskurða um slík álitafni.

***Samþykkt á stjórnarfundi Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga þann 23. febrúar 2015.***

***Samþykkt á stjórnarfundi Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar þann 24. febrúar 2015***